

## Fundargerð

5. fundur svæðisráðs um gerð strandsvæðisskipulags á Vestfjörðum  
3. mars 2021 kl. 10:00, fjarfundur

### Mætt:

Stefán Gíslason (SG), formaður svæðisráðs, stýrði fundi.

Aðrir fulltrúar svæðisráðs: Aðalsteinn Óskarsson (AÓ), Arnór Snæbjörnsson (AS), Ásta Þorleifsdóttir (ÁÞ), Erla Sigríður Gestsdóttir (ESG), Guðfinna M. Hreiðarsdóttir (GMH), Lilja Magnúsdóttir (LM) og Þorgeir Pálsson (ÞP) tóku þátt í fundinum í gegnum fjarfundarbúnað.

Frá Skipulagsstofnun: Ester Anna Ármannsdóttir (EAA) og Sigurjón Jóhannsson (SJ) sem ritaði fundargerð.

ESG mætti til fundar kl. 10:50. ÞP vék af fundi kl. 12:05.

### Dagskrá fundar:

#### 1. Kynning og umræður um drög að forsenduskýrslunni *Samfélag, nýting, náttúra*

Svæðisráð fékk send drög að forsenduskýrslu fyrir gerð strandsvæðisskipulags, *Samfélag, nýting, náttúra*, með tölvupósti þann 18. febrúar síðastliðinn. Í skýrslunni er gerð grein fyrir núverandi nýtingu á skipulagssvæðinu og þeim verndarákvæðum sem gilda á og við svæðið ásamt fyrirleggjandi stefnu stjórnvalda sem varðar svæðið. EAA kynnti uppbyggingu og vinnu við gerð forsenduskýrslu og farið var yfir drög að skýrslunni í heild sinni. Við yfirferðina komu fram ábendingar við efnið sem Skipulagsstofnun tekur til athugunar og breytir í samræmi við umræður á fundinum. Forsenduskýrsla verður gefin út í framhaldinu. Meðal þess sem rætt var um var hvort að gögn um íbúapróun og atvinnulíf ættu að taka til lengra tímabils. Reynt verður að leysa þetta með textaumfjöllun um íbúapróun frá árinu 2000. Þá var rætt um hvort að í forsendugreiningunni ætti að leggja mat á áhrif af tillögu Náttúrufræðistofnunar Íslands að B-hluta náttúruminjaskrár. Lögð var áhersla á að í skýrslunni væri verið að gera grein fyrir núverandi og fyrirséðri nýtingu ásamt verndarákvæðum sem gilda um svæðið. Lagt verður mat á áhrif mismunandi nýtingar og verndarákvæða síðar í ferlinu. GMH benti á að kort um menningarminjar sé ekki nógu fullkomið og bendir m.a. á Fornminjafélag Súgandafjarðar sem samráðsaðila í því skyni. EAA benti á að við vinnuna hafi verið stuðst við landupplýsingagögn frá Minjastofnun, EAA mun kanna hvort gögn séu ekki í lagi. AÓ velti því upp hvort fjalla ætti um þróun sjávarstöðu og hugsanlegar breytingar golfstraumsins í tengslum við fiskeldi, áhrif ofanflóða í sjó og hugsanlegar flóðbylgjur samhliða því, hættu af jarðskriðum og mengunarslys sem áhættuþátt. Bent var á að í tillögu að aðalskipulagi Bolungarvíkur væri umfjöllun um sjávarflóða. Rætt um hvort gera ætti breytingar á korti um siglingaleiðir, hvort ástæða sé til að skipta því í fleiri kort, annars vegar hefðbundnar siglingaleiðir stærri skipa og hins vegar tíðar siglingar fóðurbáta og smærri báta. EAA skoðar hvort gögn leyfi breytingar á kortinu með tilliti til stærðar skipa.

#### 2. Kynning og umræður um drög að samantekt samráðs við gerð strandsvæðisskipulags

Svæðisráð fékk send drög að samantekt um samráðsvinnu við gerð strandsvæðisskipulags, *Afrakstur samráðs*, með tölvupósti þann 24. febrúar síðastliðinn. Í skýrslunni er tekinn saman afrakstur af því samráði sem hefur farið fram við gerð strandsvæðisskipulags á Vestfjörðum, þ.e. samantekt annars vegar af samráðsvefsjá sem var opin í maí og júní 2020 og hins vegar samráðsfundum með hagsmunaaðilum sem haldnir voru í nóvember 2020. EAA kynnti uppbyggingu og innihald skjalsins í grófum dráttum. Nefnt var að ekki kæmi fram öll nýting á svæðinu og var þar sérstaklega rætt um veiðar á sunnanverðum Vestfjörðum og kajakróður í Ísafjarðardjúpi. EAA telur að vel hafi tekist til með samráð, margir hafi tekið þátt og mikið efni

hafi safnast. Hafa þurfi í huga að ekki taka allir þátt sem nýta svæðin sem gerir það að verkum að upplýsingarnar eru ekki tæmandi. Gögnin gefi samt mynd af starfsemi á svæðinu. Fram kom athugasemd um að fulltrúi Landverndar hefði verið á samráðsfundi um ferðapjónustu, útivist og náttúru. EAÁ sagði það mikilvægt að fá fram raddir allra hagsmuna á svæðinu, þar með talið umhverfisverndar, og gerði grein fyrir því að óskað hefði verið eftir fulltrúa frá Náttúruverndarsamtökum Vestfjarða og staðkunnugum fulltrúa frá Landvernd.

### 3. Ferlið framundan og verkáætlun

EAÁ kynnti ferlið og hvernig staðið verður að vinnu framundan. Fyrir liggur að ljúka vinnu við greiningu forsendna og úrvinnslu úr því samráði sem fram hefur farið í ferlinu. Næsta skref í vinnunni er að skilgreina þær sviðsmyndir sem unnið verður út frá við mótun stefnu í skipulaginu og leggja mat á umhverfisáhrif þeirra. Vinna við skilgreiningu sviðsmynda er hafin. Einnig er að hefjast vinna við mótun nýtingarflokka og uppbyggingu stefnuskjalsins. Áætlað er að funda um sviðsmyndir og nýtingarflokka í apríl. Þá tekur við vinna við mótun tillögu og umhverfismat hennar. Áætlað er að svæðisráð fundi tvisvar um vinnslutillögu og fundi einnig með samráðshópi um hana. Áætlunin gerir ráð fyrir að svæðisráð samþykki tillögu til auglýsingar í september. LM spurði hvenær sveitarfélög fái kynningu á vinnunni. EAÁ benti á skyldu fulltrúa í svæðisráði til að halda tilnefningaraðilum upplýstum um gang vinnu við gerð skipulagsins. Að öðru leyti fer samráðið fram skv. áætlun í lýsingu fyrir gerð strandsvæðisskipulags á Vestfjörðum.

### 4. Önnur mál

Spurt var um stöðu vinnu Hafrannsóknastofnunar við afmörkun eldissvæða. AS sagði álitaeftni hafa komið fram tengd þessari vinnu. Mikilvægt sé að vinna við gerð strandsvæðisskipulags og vinna Hafrannsóknarstofnunar haldist sem mest hendur. Fram kom að komið hafi upp hugmyndir um svæðisbundna friðun sem ekki hafi verið teknar ákvarðanir um.

Samþykkt var að gengið yrði frá fundargerð eftir fund og hún send fulltrúum í tölvupósti til samþykktar.

Fundi var slitið klukkan 12:15.